


Klakkar - leiðbeiningar



Einfaldast er að grafa eða steypa niður rör af réttri stærð. 8" rör fyrir A og B klakk og setklakk en 6" rör fyrir C og D, fornklakk og borgarklakk. Fyllt er að rörinu með frostfríum jarðvegi og þjappað vel í kring. Þegar gengið hefur verið frá rörinu er klaknum stungið í það. Þetta gefur möguleika á því að skipta um klakk án mikillar fyrirhafnar ef klakkurinn skemmist, t.d. ef ekið er á hann eða hleypa þarf umferð í gegn tímabundið.

Þó er hægt að sleppa því að nota rör og setja klakkana niður í vel þjappaðan jarðveg eða steypa þá niður. Ef klakkurinn er með rafmagnsljósi er rafmagnsleiðsla tekin upp í gengum rörið og í gegnum klakkinn í ljósið.